

það með áminstu fororði, og með því hvorki er afsalið þinglesið né neitt ritað á skuldabréfið um ábyrgð stefnda, verður ekki álitid að áfrýjandi hafi öðlast neinn rétt á hendur stefnda persónulega til greiðslu hinnar umstefndu skuldar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, en rétt virðist að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Þorvarður Þorvarðarson greiði stefnda Stefáni Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 38/1916:

Magnús Gíslason f. h.  
Jakob Lützen  
gegn  
St. Th. Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn yfirdómsmálaflutningsmaður Magnús

Gíslason höfðaði mál þetta í héraði fyrir hönd Jakob Lützens kaupmanns í Færeyjum gegn stefnda kaupmanni St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði til greiðslu á viðskiftaskuld að upphæð samtals 3587 kr. 56 au., og var dómur uppkveðinn í málinu í gestarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 27. nóv. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður að öllu leyti, og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 15. júní þ. á., og gerir nú þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2616kr. 43 au. + 119 kr. + 552 kr. 13 au., samtals 3287 kr. 56 au. með 5% ársvöxtum frá 5. febr. 1912 til greiðsludags, og 300 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 21. okt. 1914 til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í málinu fyrir yfirdóminum, en í héraði gerði hann þá kröfu að verða sýknaður að fullu og öllu; málið verður nú dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjandi hefir gert svofelda grein fyrir kröfum umbjóðanda síns, Lützens kaupmanns, að hann hafi árið 1901 tekist á hendur eftir beiðni stefnda að hafa umsjón með útgerð fiskiskipsins C. M. Slater, sem stefndur átti í félagi með 2 mönnum öðrum, Páli Árnasyni og Hans P. Hansen, hafi hann annast útgerð skipsins frá Færeyjum alt til ársloka 1907, gert stefnda árleg reikningsskil, og greitt honum að jafnaði einum allan árságóðann, með því að hann hafi litið svo á, að stefndur mundi aftur greiða með-eigendum sínum þeirra hluta af ágóðanum. Þetta

hafi stefndur eigi gert, og hafi áður nefndur Páll Árnason þá höfðað mál gegn kaupmanni Lützen fyrir sjórétti í Færeyjum til greiðslu á hans hluta af arðinum af C. M. Slater árin 1906 og 1907; og fengið dóm sjóréttarins, uppkveðinn 12. desbr. 1911 fyrir því, að Lützen skyldi greiða honum nefndan ágóðahluta, að upphæð 2243 kr. 48 au., enda hafi upphæð þessi verið greidd samkvæmt dónum með áföllnum vöxtum og ídæmdum málskostnaði, og hafi hún alls orðið 2616 kr. 43 au. Þá tjáist áfrýjandi hafa litid svo á, að dómur þessi væri einnig res judicata eða skuldbindandi fyrir hann gagnvart hinum meðeigandanum að C. M. Slater, Hans P. Hansen, og hafi hann því fært honum til tekna í viðskifta-reikningi hans hluta af árságóðanum árin 1906 og 1907, og hafi innieign Hansens hjá honum þá orðið 552 kr. 13 au. Þessar hér töldu upphæðir tjáist Lützen hafa greitt stefnda fyrir löngu og telur sig nú hafa rétt til að fá þær endurgoldnar ásamt kostnaði þeim, 119 kr., er hann hafði af málinu í Færeyjum. Loks krefst áfrýjandi 300 kr. hjá stefnda sem þóknunar til Lützens fyrir fyrirhöfn hans við að láta taka upp skipið »Svanen«, eign stefnda, sem sökk við Færeyjar árið 1905.

Viðskifti þau milli málsaðila, er skuldakrafa áfrýjanda er sprottin af, hafa að öllu leyti verið til lykta leidd eigi síðar en árið 1907, eftir því sem skjöl málsins sýna, og hefir skuldakrafan þá verið tilorðin að svo miklu leyti, sem áfrýjandi kann að hafa eignast kröfu á hendur stefnda. En þá var og fyrningarfrestur kröfunnar liðinn, er mál þetta var

höfðað 21. okt. 1914 samkvæmt 3. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, eins og stefndi hefir af sinni hálfu haldið fram í héraði. Þetta er og vafalaust að því er síðasta lið kröfunnar, áður nefndar 300 kr., snertir. Að því er hina 3 kröfuliðina snertir, heldur áfrýjandi því fram, að þeir hafi eigi orðið til fyrir en dómur færeyska sjóréttarins var uppkveðinn 12. desbr. 1911; hafi hann tilkynt stefnda málshöfðunina með litis denuntiatio, dags. 28. febr. 1911, og birtri honum af stefnuvottum 18. apríl 1911, en stefndi hafi ekkert skeytt tilkynningunni. Þessi tilkynning virðist þó vera orðin þýðingarlaus, með því að mál þetta er ekki höfðað fyrir en næstum þrem árum eftir að sjóréttarmálinu var lokið, sjá lög nr. 14, 20. okt. 1905, 14. gr. Og yfirleitt verður eigi fallist á það, að krafan hafi orðið til við færeyska sjóréttardóminn; eins og áður er vikið að, hefir hún verið tilorðin fyrir árslok 1907, því að síðan hafa málsaðilar engin viðskifti átt saman. Skuldarkrafa þessi er þannig fyrnd samkvæmt fyrningarlögnum, og verður þá að taka sýknukröfu stefnda til greina og staðfesta gestaréttardóminn; málskostnaðarákvæði hans samþykkist einnig, og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur eftir málavöxtum niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.